



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Pétur Ingi Haraldsson <peturingi@akureyri.is>
Re: 2019060109 - Efnistaka við Glerárós
Sent: 10-07-2019 08:51:32 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070010, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019070010

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Akureyrarbæ, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tilkynningu Hafnarsamlags Norðurlands og skýrslu Vegagerðarinnar um efnistöku við Glerárós vegna uppbyggingar við Torfunefsbyggju. Hafnarsamlag Norðurlands óskar eftir að Akureyrarkaupstaður úrskurði hvort efnistaka af hafsbotni við Glerárós sé matsskyld framkvæmd eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skýrslu Vegagerðarinnar. Svæðið umhverfis efnistökusvæðið er mikið raskað bæði vegna ýmissa umsvifa á landi s.s. hafnarframkvæmda og ýmissa athafna á svæðinu til margra ára og þar hefur efnistaka af hafsbotni átt sér stað áður, 2001. Sömuleiðis er stækkun Torfunefsbyggju bundin við núverandi hafnarsvæði. Umhverfi Glerár og Glerárósa er ekki lengur náttúrulegt á þessu svæði og haldið í föstum skorðum og innan hafnarsvæðis/athafnasvæðis í skipulagi. Vegna staðhátta og mikils framburðar í Glerá má gera ráð fyrir að efnistökugeilin fyllist með tímanum. Einnig má gera ráð fyrir að röskun á lífríki svæðisins, s.s. botndýralífi og fuglalíf, verði tímabundin og ekki veruleg miðað við aðstæður á svæðinu. Einnig kemur fram í gögnum málsins að ekki hafi fundist fiskur í Glerá þó það sé ekki útilokað

Að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og umfangs og staðsetningu framkvæmdarinnar innan svæðis sem er á hafnarsvæði Akureyrarbæjar og þegar er verulega raskað telur Náttúrufræðistofnun að ekki sé líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Pétur Ingi Haraldsson <peturingi@akureyri.is>
Dags: 07/04/2019 04:47:35 PM
Til: "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>
Efni: 2019060109 - Efnistaka við Glerárós

Góðan dag,

Akureyrarbær hefur fengið til meðferðar meðfylgjandi tilkynningu um efnistöku við Glerárós. Er hér með óskað eftir umsögn eftirfarandi stofnana um meðfylgjandi skýrslu unna af

Vegagerðinni, dagsetta júní 2018, ásamt uppdrætti sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði.

- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Fiskistofa

Gert er ráð fyrir að unnið verði að breyting á aðalskipulagi og svæðið afmarkað sem efnistökusvæði.

Bestu kveðjur, Pétur Ingi

Pétur Ingi Haraldsson
Sviðsstjóri Skipulagssviðs
peturingi@akureyri.is
Geislagötu 9, 600 Akureyri
Sími 460 1000

Skoðaðu vefsvæðið okkar á <http://www.akureyri.is>

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Akureyrarbæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.